



ODDEYRARSKÓLI
ÁBYRGÐ - VIRÐING - VINÁTTA

Hjólareglur Oddeyrarskóla

1. Nemendur mega koma á hjóli í skólann en hafa ber í huga að skv. lögum að *barn yngra en níu ára má ekki hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti manns sem náð hefur 15 ára aldri.*
2. Nemandi sem kemur á hjóli í skólann gerir það á ábyrgð foreldra / forráðamanna sem skulu meta færni og getu barnsins sem og aðstæður til að hjóla í skólann.
3. Þegar komið er á hjóli í skólann á að geyma það læst á skólalóðinni í eða við hjólagrindur.
4. Nota skal viðeigandi öryggisbúnað.
5. Vélknúin ökutæki, s.s. vespur eða rafmagnshlaupahjól eru ekki leyfð á skólalóðinni meðan á skóla- og frístundarstarfi stendur.
6. Heimilt er að vera á hjóli, hlaupahjóli, hjólabretti og línuskautum á malbikaða fótoltavellinum sunnan við skólann í frímínútum. Nauðsynlegt að vera með hjálm. Fara þarf eftir reglum sem gilda í hjólabrautinni.
7. Skólinn ber enga ábyrgð á hjólum, hjólabrettum eða öðrum leikföngum sem nemendur koma með í skólann. Þjófnað eða skemmdarverk má tilkynna til lögreglu.

LEX GAMES
PUMPAN

REGLUR

- 1. Notaðu hjálmin, alltaf!**
- 2. Verið sanngjörn**
og skiptist á reglulega
- 3. Ef margir eru í einu**
þá gott er að skipta niður í hópa eftir hraða, hjólum, hlaupahjólum, línuskautum eða hjólabrettum.
- 4. Kennið þeim sem ekki kunna**
á brautina og þá verða allir hraðari.
- 5. Ekki stoppa í brautinni**
Ef þú sérð einhvern stopp þá farðu strax útúr brautinni svo ekki myndist biðröð.
- 6. Bannað að standa inn í braut**
Ekki labba á brautinni eða vera inn í hringnum
- 7. Farið varlega!**
Farið varlega inná brautina og ekki stoppa í brautinni

LEIKTU MEIRA NOTUM HJÁLMI!

Akureyrarber

HEILSUGLEIÐI SAMFELAG Akureyrarbæjar

LEX GAMES
lexi@lexi.is